



FUNDARGERÐ

**241. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 20. janúar 2025
og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Einar Bárðarson, Jón G. Valgeirsson og Anton Kári Halldórsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2024 - SOR - 2405040

Rekstraryfirlit janúar-desember 2024 lagt fram til kynningar.

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraryfirlit ársins 2024. Rekstur SOR er í góðu jafnvægi og er útlit fyrir að afgangur verði af starfseminni árið 2024. Skýrist það af meiri umsvifum og mótteknu magni á Strönd og auknum tekjum vegna nýrra farvega endurvinnsluefna sem sum skila í dag tekjum í stað kostnaðar.

2. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri 2024 - 2402060

Upplýsingar úr daglegum rekstri lagðar fram til kynningar

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um ýmis mál tengdum rekstri SOR.

Daglegur rekstur gengur með ágætum þrátt fyrir kostnaðarsamar bilanir í búnaði.

Starfsemin gengur ágætlega og er unnið í að pakka og undirbúa uppsafnaðan úrgang til flutninga frá Strönd.

Mikið verk er fyrir höndum enda árið 2024 mjög annasamt og safnaðist upp úrgangur til frekari vinnslu á Strönd.

3. Starfsmannamál 2023 - Sorpstöðin - 2306040

Farið yfir starfsmannamál og mönnun Sorpstöðvarinnar.

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál á Strönd og ljóst er að með auknum umsvifum er þörf á frekari mönnun auk betri aðstöðusköpunar.

Stjórn samþykkir að endurskoða starfslýsingar starfsmanna, unnið verði að nýju skipuriti fyrir starfsseminna og haldið verði áfram með þá vinnu sem Rögn ráðgjöf lagði til.

Framkvæmdastjóra og formanni stjórnar er falið að vinna málið áfram.

279

TBM

4. Sorpbrennslustöð - Sorporka ehf. - 2312018

Framlenging viljayfirlýsingar Sorporku ehf og Sorpstöðvar Rangárvallasýslu b.s

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi ósk um framlengingu á viljayfirlýsingu milli Sorporku ehf og Sorpstöðvar Rangárvallasýslu b.s vegna sorpbrennslustöðvar á Strönd.

5. Samskipti við Umhverfisstofnun - 1811019

Eftirlitsskýrsla og úrbótaáætlun

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu b.s gerir ekki efnislegar athugasemdir við eftirlit og athugasemdir Umhverfisstofnunar úr eftirlitsferð stofnunarinnar. Stjórn leggur áherslu á að úrgangsvandi er víða á Íslandi og leggur áherslu á að opinberir aðilar leiti leiða til að styðja við innviðaupbyggingu í úrgangsvinnslu. Ljóst er að úrgangshafar eru í vandræðum með úrgangstegundir og hefur Sorpstöð Rangárvallasýslu vísað úrgangi frá starfseminni sem nú er líklegt að lendi á óvöktuðum svæðum í urðun. Þar er hagur umhverfissins ekki hafður að leiðarljósi og ómögulegt að vakta svæði sem ekki eru þekktir losunarstaðir úrgangs.

6. Móttaka seyru á Strönd - 2409006

Viljayfirlýsing Sorpstöðvar Rangárvallasýslu b.s og Lands og skóga um samstarf vegna seyrumóttöku á Strönd

Stjórn samþykkir viljayfirlýsinguna fyrir sitt leyti og felur framkvæmdastjóra að undirrita hana fyrir hönd Sorpstöðvar Rangárvallasýslu b.s

7. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands 2024 - 2404105

Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.



Eggert Valur Guðmundsson



Nanna Jónsdóttir



Tómas Birgir Magnússon

